

Fundargerð

159. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

þriðjudaginn 6. september 2011 kl. 12⁰⁰–14⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)
Gestir: Gunnar H. Hall (GHH) og Alfreð S. Erlingsson (ASE) frá Fjársýslu ríkisins (fjs)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Fjársýsla ríkisins
- (3) Verkefni haustsins
- (4) Rekstur janúar – júlí/ágúst 2011
- (5) Önnur mál

Guðmundur setur fund og býður gesti velkomna. Tekið er fyrir mál nr. 2 á dagskrá

2. Fjársýsla ríkisins

Fulltrúar Fjársýslu ríkisins þeir Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri og Alfreð S. Erlingsson, forstöðumaður bókhaldssviðs mættu á stórnarfundinn og ræddu við stjórnina um hvaða valkostir eru í boði varðandi bókhald og innheimtu á fyrirsjáanlegum sértekjum sjóðsins vegna vinnu fyrir stýrinfund um raftækjaúrgang (SN).

GGÞ fór yfir hlutverk annarsvegar stjórnar ÚS og hinsvegar starf SN.

GHH taldi að skoða þyrfti sérstaklega hvort að greiðslur inn til skilakerfanna væru lögþvingaðar greiðslur og þ.a.l. ætti að sýna þær í fjárlögum. FJS mun kanna þetta. GHH taldi að SN væri á vegum ríkisins en ekki atvinnulífsins.

GHH taldi, og vitnaði einnig í meirihlutaálit umhverfisnefndar Alþingis, að ekki eigi að blanda saman rekstri ÚS og SN og halda honum eins aðskildum og hægt er.

Fundarmenn ræddu um það hvort að FJS gæti gefið út reikninga fyrir hönd SN og innheimt þá. Fært fyrir SN bókhald og séð um ársskýrslugerð? ASE ætlar að skoða það. GHH taldi að SN gæti samið við ÚS um allt sem þurfa þykir en það þarf að vera algjörlega aðskilið frá rekstri annara vörflokka ÚS. Greiðsla fyrir vinnu ÚS fyrir SN yrðu bókaðar sem sértekjur. GGÞ óskaði eftir að FJS setti á blað hvernig þeir gætu komið að þessum málum og hvernig þessum málum væri best fyrir komið hjá sjóðnum. Fulltrúar FJS óskuðu eftir minnisblaði frá ÚS um málið.

Gestir yfirgefa fund kl. 13:40

ÓK falið að gera greinargerð sem skilgreinir verktöku ÚS fyrir SN og þjónustu FJS.

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (158. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

3. Verkefni haustsins

Umræður um störf ÚS og áherslur fyrir haustið. Einnig voru lögð fram drög að verkefnalista. Stefnumótunarplagg stjórnar fyrir ÚS sem samþykkt var 3. október 2006 og síðan rædd á 123. fundi stjórnar ÚS 21. apríl 2009 var lagt fram ásamt fundargerð 123 fundar og fundarmenn beðnir um að hafa það til taks vegna framhalds á umræðu um störf ÚS. Umræðu frestað.

4. Rekstur janúar – júlí/ágúst

Lagt var fram smámyndayfirlit um rekstur sjóðsins janúar – júlí 2011.

5. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl 14:45